# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 7. febrúar kl. 09:02, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 761. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Granaskjól 44-64,** *(fsp) breyting á lóðarmörkun sameiginlegs lóðar* (01.515.3) Mál nr. SN200040 Skjalnr. 14231

500316-1440 Granaskjól 44-64, lóðafélag, Granaskjóli 46, 107 Reykjavík
Silja Traustadóttir, Granaskjól 46, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Silju Traustadóttur f.h. Stjórnar Granaskjóls 44-64, lóðafélag, dags. 15. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 15. janúar 2020 um að lóðarmörk sameiginlegrar lóðar verði endurskoðuð og lóðin minnkuð sem nemur göngustíg, götu og almennum gestabílastæðum, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.*

2. **Krosshamrar 5,** *breyting á deiliskipulagi* (02.294.7) Mál nr. SN200058 Skjalnr. 12652

Sæmundur Gunnarsson, Krosshamrar 5, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sæmundar Gunnarssonar dags. 23. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Krosshamra 5A, lóð nr. 5 við Krosshamra. Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til vesturs um 4.0 x 3.7 m eða um 14.8 m2, samkvæmt uppdrætti RÚM arkitekta, dags. 12. janúar 2020.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*

3. **Njálsgata 64,** *(fsp) fjölgun íbúða, svalir o.fl.* (01.190.3) Mál nr. SN200083 Skjalnr. 13795

Maksim Akbachev, Laufásvegur 17, 101 Reykjavík
440215-0760 Arcturus hf., Laufásvegi 17, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Maksim Akbachev dags. 30. janúar 2020 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 64 við Njálsgötu sem felst í að gera íbúð í þakhæð hússins, framlengja stigahús upp að þakhæð þannig að inngengt verði í þakbúð, breyta einum núverandi kvisti sem snýr að Barónsstíg og setja svalir á bakhlið hússins, samkvæmt tillögu Maksim Akbachev ódags.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Grensásvegur 1,** *breyting á deiliskipulagi* (01.460.0) Mál nr. SN190203
Skjalnr. 5328

690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 22. mars 2019 ásamt minnisblaði dags. 21. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi "Skeifan-Fenin" vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni vegna uppbyggingar meðfram Skeifunni og breyting notkunar efri hæða fyrir íbúðir, samkvæmt uppdr. Batterísins arkitekta ehf. dags. 22. mars 2019, síðast breytt 20.09.2019. Einnig er lagt fram minnisblað Mannvits dags. 15. mars 2019 um hljóðvist og Greinargerð-Samgöngumat Mannvits dags 17. september 2019. Tillagan var auglýst frá 14. október 2019 til og með 25. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Samúel Torfi Pétursson dags. 15. október 2019, Sæmundur H. Sæmundsson, framkvæmdastjóri, f.h. Vesturgarðs ehf. dags. 25. nóvember 2019, Ágúst Valfells, stjórnarformaður f.h. Skeifunnar 13A dags. 25. nóvember 2019 og Friðjón Sigurðarson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 25. nóvember 2019. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Ragnheiði M. Ólafsdóttur f.h. Reita - skrifstofa ehf. dags. 26. nóvember 2019 og f.h. Reita - verslunar ehf. dags. 26. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 13. nóvember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags og samgönguráðs.*

5. **Sundlaugavegur 22,** *(fsp) bílskúr á lóð* (01.361.0) Mál nr. SN200078
Skjalnr. 12274

Ása Fanney Gestsdóttir, Sundlaugavegur 22, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Ásu Fanneyjar Gestsdóttur dags. 25. júní 2019 um hvort heimilt er samkvæmt deiliskipulagi að byggja annan bílskúr lóð nr. 22 við Sundlaugaveg. Ef heimild er ekki til staðar í gildandi deiliskipulagi fyrir byggingu bílskúrs er spurt hvort leyfi fengist til að breyta deiliskipulagi vegna þessa. Einnig er lögð fram yfirlýsing um bílskúrsrétt frá meðeigendum hússins frá 23. nóvember 2004. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020 samþykkt.*

6. **Bátavogur 1,** *Nr. 1-7 - Fjölbýlishús* (01.451.201) Mál nr. BN057214
Skjalnr. 14236

490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishús auk kjallara fyrir alls 74 íbúðir, mhl. 01 og djúpgáma,mhl.02, á lóð nr. 1 við Bátavog.
Stærðir: 5.207.1 ferm., 15.817.5 rúmm. Nýtingarhlutfall 1.16. Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.451.2 dags. 20. júlí 2018, hæðablað fyrir Bátavog 1 dags. 1. maí 2019, varmatapsútreikningar unnir af Helga G. Bragasyni dags. 28. janúar 2020 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða móttekið 28. janúar 2020. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

7. **Bústaðavegur/Kringlumýrarbraut,** *framkvæmdaleyfi*

Mál nr. SN190432
Skjalnr. 12021

680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Lögð fram að nýju umsókn Vegagerðarinnar dags. 15. júlí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna m.a. gerðs fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann. Einnig er lagt fram teikningarsett Hnit verkfræðistofu dags. 10. júlí 2019, Hljóðvistarskýrsla dags. 24. október 2019, minnisblað um Hljóðvistarútreikninga við Bústaðavegdags. 24. október 2019 og Hljóðkort eftir breytingar við Bústaðaveg dags. 25. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 4. nóvember 2019 til og með 2. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jens Helgason og Guðrún Ragnars dags. 16. nóvember 2019, Logos lögmannsþjónusta f.h. Hjörleifs Pálssonar og Helenu Hilmarsdóttur dags. 21. nóvember 2019 og íbúar við Beykihlíð og Birkihlíð dags. 30. nóvember 2019. Einnig er lögð fram skýrsla Verkís um Bústaðaveg, umferðarhermun og greining, dags. 30. október 2018, fundargerð vegna kynningarfundar um grenndarkynningu dags. 27. nóvember 2019 og minnisblað Hnit verkfræðistofu vegna grenndarkynningu dags. 17. janúar 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. janúar 2020 og 7. febrúar 2020.

*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis.*

8. **Koparslétta 6,** *Breytingar - stoðveggir* (34.533.804)

Mál nr. BN057218
Skjalnr. 10241

540504-4660 Fagverk verktakar ehf, Flugumýri 26, 270 Mosfellsbær

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057033 og hækka stoðveggi við lóðarmörk um 66cm þar sem hæðakótar á lóð eru ekki í samræmi við hæðablað lóðar nr. 6-8 við Koparsléttu. Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra móttekin 29. janúar 2020, mæliblað 34.533.8 endurútgefið 5. nóvember 2019 og hæðablað fyrir Kistumel/Koparsléttu 6-8 útgáfa B dags. nóvember 2017. Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Teigahverfi,** *breyting á deiliskipulagi* (01.360)

Mál nr. SN190643
Skjalnr. 7911

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis. Í breytingunni felst að hluti af grassvæði á milli núv. gangstéttar og eystri lóðarmarka Sigtúns 30 verði breytt í grenndarstöð. Til að tryggja aðgengi losunarbíls er gert ráð fyrir að 2 bílastæði við hana verði fjarlægt og því fækki bílastæðum úr u.þ.b. 14 í 12, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020. Tillagan er auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ólafur Torfason og Björn Skaftason f.h. Íslandshótela og Helgalands ehf. dags. 3. febrúar 2020. Einnig lagður fram tölvupóstur skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 7. febrúar 2020.

*Erindi er dregið til baka, sbr. tölvupóst skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 7. febrúar 2020.*

10. **Tunguháls 6,** *(fsp) aukning á nýtingarhlutfalli* (04.342.1) Mál nr. SN200013
Skjalnr. 8857

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 8. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 22. desember 2019 um aukningu á nýtingarhlutfalli lóðarinnar nr. 6 við Tunguháls úr 0.7 í 1.1. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020 samþykkt.*

11. **Bakkastaðir 41,** *(fsp) stækkun húss* Mál nr. SN200057
Skjalnr. 14232

Anna Dagrún Pálmarsdóttir, Bakkastaðir 41, 112 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 24. janúar 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 41 við Bakkastaði um 1.5 x 3.5 m til vesturs, út fyrir byggingarreit, samkvæmt tillögu Arkþings-Nordic ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020 samþykkt.*

12. **Norðlingabraut 16,** *(fsp) breyta notkun lóðar* (04.733.4) Mál nr. SN200056
Skjalnr. 13188

620305-1620 Sætrar ehf, Gerðhömrum 27, 110 Reykjavík
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 23. janúar 2020 um að breyta notkun lóðar nr. 16 við Norðlingabraut úr atvinnulóð í íbúðarlóð, samkvæmt tillögu Arkþings-Nordic ehf. ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Reitur 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur,** *nýtt deiliskipulag* Mál nr. SN190714
Skjalnr. 9064

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Snorrabraut - Hlemmur. Götureiturinn afmarkast af Hverfisgötu, Hlemm, Laugavegi og Snorrabraut. Vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni - umferðarskipulag og stækkun, er gerð tillaga að afmörkun nýs deiliskipulagi fyrir Snorrabraut - Hlemm, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. a- lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019.*

14. **Hvassaleiti 53-59, nr. 59,** *(fsp) stækkun húss* (01.725) Mál nr. SN200063
Skjalnr. 13918

Bjarni Ólafur Eiríksson, Hvassaleiti 59, 103 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Ólafs Eiríkssonar dags. 21. janúar 2020 um stækkun hússins nr. 59 á lóð nr. 53-59 við Hvassaleiti sem felst í að byggja 30-40 m2 viðbyggingu á enda eða gafl hússins. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags.7. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020 samþykkt.*

15. **Norðurstígur 5,** *(fsp) hækkun nýbyggingar* (01.132.0) Mál nr. SN190725 Skjalnr. 9616

630785-0309 Kirkjuhvoll sf, Pósthólf 1100, 121 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 5. desember 2019 um að hækka fyrirhugaða nýbyggingu á lóð nr. 5 við Norðurstíg um eina hæð, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 5. desember 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.*

16. **Nýlendugata 29,** *breyting á deiliskipulagi* (01.131.0) Mál nr. SN190582 Skjalnr. 9243

610616-1270 ÁÁ 29 ehf., Hagamel 12, 107 Reykjavík
Bjarni Snæbjörnsson, Naustavör 20, 200 Kópavogur

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Bjarna Snæbjörnssonar dags. 26. september 2019 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 29 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum hússins úr 5 íbúðum í 7 íbúðir, koma fyrir svölum á suðurhlið hússins og koma fyrir lyftu í húsinu, samkvæmt uppdrætti bj snæ arkitekta dags 26. september 2019 br. 11. desember 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. janúar 2020 til og með 4. febrúar 2020. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

17. **Síðumúli 24-26,** *Viðbygging* (01.295.001) Mál nr. BN056923 Skjalnr. 8728

681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja við suðurhlið og koma þar fyrir búningsklefa fyrir starfsfólk og opna hjólageymslu undir þaki, sem verður lokuð með grindarhliði, við húsið á lóð nr. 24-26 við Síðumúla. Erindi var grenndarkynnt frá 6. janúar 2020 til og með 3. febrúar 2020. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun vegna viðbyggingar, A rými: 66,9 ferm., 198,7 rúmm. Hjólageymsla undir þaki, B rými: 34,6 ferm., 102,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

18. **Barónsstígur 27,** *(fsp) stækkum/framlenging kvists* (01.174.3) Mál nr. SN200062 Skjalnr. 10713

Garðar Garðarsson, Norðurgarður 19, 230 Keflavík
670515-1330 Riss ehf., Hafnargötu 90, 230 Keflavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Garðars Garðarssonar dags. 21. janúar 2020 um að Stækka/framlengja kvist á þaki hússins á lóð nr. 27 við Barónsstíg um tvo metra, samkvæmt uppdr. Riss ehf. dags. 15. janúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020 samþykkt.*

19. **Hamarshöfði 1,** *(fsp) rekstur gististaða í flokki II* (04.061.3) Mál nr. SN200090 Skjalnr. 11737

410994-2169 Bemar ehf, Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Bjarna Heiðars Matthíassonar dags. 4. febrúar 2020 um rekstur gististaða í flokki II í húsinu á lóð nr. 1 við Hamarshöfða og/eða aðstöðu skipulagsfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi til þess að heimila rekstur gististað í húsinu.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Laugavegur 27 og Hverfisgata 40,** *(fsp) rekstur gististaðar í flokki II* (01.172.0) Mál nr. SN200043 Skjalnr. 9943

560418-0940 Fjarðarafl ehf., Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Fjarðarafls ehf. dags. 17. janúar 2020 um rekstur gististaðar í flokki II í þremur til fimm íbúðum sem eru í húsunum nr. 27 við Laugaveg, fnr. 250-6400, 250-6406 og 250-6390, og nr. 40 við Hverfisgötu, fnr. 250-6361 og 250-6368. Einnig eru lagðir fram uppdr. Ark Studio ehf. og Urban arkitekta ehf. dags. 9. júní 2017 og 1. júlí 2017 síðast br. 3. maí 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2020.*

21. **Miðtún 8,** *(fsp) rekstur gististaðar í flokki II* (01.223.0) Mál nr. SN190684 Skjalnr. 10476

Máni Darvish Radmanesh, Miðtún 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Mána Darvish Radmanesh dags. 13. nóvember 2019 um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 8 við Miðtún. Einnig er lögð fram greinargerð Mána Darvish Radmanesh dags. 10. janúar 2020 ásamt uppdrætti.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

22. **Tjarnargata 10C,** *Þaksvalir og kvistur* (01.141.308) Mál nr. BN057152 Skjalnr. 10735

Grétar Guðmundsson ehf., Gnitaheiði 5, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja kvist og koma fyrir þaksvölum á norðvesturhlið húss á lóð nr. 10C við Tjarnargötu.
Stækkun : XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

23. **Ingólfsgarður,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.119) Mál nr. SN190745 Skjalnr. 9242

610417-0270 Teiknistofan Stika ehf., Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík
681174-0449 Siglingafélag Reykjavíkur - Bro, Pósthólf 73, 121 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Evu Huldar Friðriksdóttur dags. 19. desember 2019 um breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna Ingólfsgarðs sem felst í aukningu á byggingarmagni, stækkun á byggingarreit, hækkun á hámarkshæð leyfilegrar byggingar og að hluti annarrar hæðar skagi út fyrir byggingarreit, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Stiku ehf. dags. í desember 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Nýr Landspítali við Hringbraut,** *breyting á deiliskipulagi* (01.19) Mál nr. SN200085 Skjalnr. 12506

681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helgu Bragadóttur arkitekts f.h. Nýs Landspítala ohf. dags. 3. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit austan á Meðferðarkjarna að aðaltorgi/Sóleyjartorgi um 50 m2 fyrir glerbyggingu og koma þar fyrir stigahúsi með inngangi frá torginu, samkvæmt uppdr. Spital dags. 31. janúar 2020.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*

25. **Reykjavíkurflugvöllur,** *breyting á deiliskipulagi* (01.6) Mál nr. SN200008
Skjalnr. 6767

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
591219-1380 Isavia Innanlands ehf., Reykjavíkurflugvelli, 102

Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst að endurskilgreina reit Þorragötu 24 sem lóð með sömu stærðum og skilgreiningum, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 2. janúar 2019.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*

26. **Sólvallagata 10,** *breyting á deiliskipulagi* (01.160.3) Mál nr. SN200089
Skjalnr. 14216

500591-2189 Argos ehf, Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Stefáns Arnar Stefánssonar dags. 4. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 10 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit norðan við húsið um ca. 2. metra. Einnig eru lagðir fram aðaluppdrætti dags. 10. desember 2019.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*

27. **Algild hönnun í deiliskipulagi,** *tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða* Mál nr. SN200094
Skjalnr. 10046

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 4. febrúar 2020 þar sem tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá fundi 28. janúar 2020 um algilda hönnun í öllu deiliskipulagi borgarinnar er send umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:52.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir Helena Stefánsdóttir